

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, leikskólalóð við Kópavogsbraut.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 frá 29. apríl 1994.

Í tillögunni er gert ráð fyrir leikskólalóð suðaustan gatnamóta Kópavogsbrautar og Urðarbrautar með aðkomu frá Kópavogsbraut. Í breytingunni felst að opið svæði og stofnanasvæði verður opið svæði til sérstakra nota og stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 14. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 286

25. apríl 2000

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Fjarðabyggðar um útvistartíma barna og unglunga í Fjarðabyggð.

1. gr.

Börn á aldrinum 6-10 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Börn, 11 og 12 ára, mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 21.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Unglingar á aldrinum 13 til 16 ára mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 22.00 nema þeir séu á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

4. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útvistartími barna og unglunga samkvæmt 1., 2. og 3. gr. um tvær klukkustundir.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er unglungum á aldrinum 14 til 16 ára heimilt að vera á almannaferi til kl. 24.00 á föstudags- og laugardagskvöldum.

6. gr.

Aldursmörk í þessum reglum miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 57. gr. barnaverndarlaga, nr. 58/1992, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 20. janúar 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. apríl 2000.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Þorgerður Benediktsdóttir.

14. apríl 2000

Nr. 287

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014, Þverá, Höskuldsstaðir og Öngulsstaðir.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 1994-2014 frá 26. mars 1997.

Breytingin felur í sér breytta landnotkun á hluta þriggja jarða; Þverá, Höskuldsstaða og Öngulsstaða. Breytingin á Þverá felur í sér að á landinu komi golfvallarsvæði í stað opins svæðis til sérstakra nota og opins óbyggðs svæðis. Jafnframt komi frístundahúslóð inn á bændaskógræktarsvæði. Á landi jarðarinnar Höskuldsstaðir komi frístundahúslóð á svæði sem áður var óbyggt opið svæði. Breyting á landi Öngulsstaða felur í sér að 37 ha bændaskógræktarsvæði komi í stað opins óbyggðs svæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 14. apríl 2000.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

14. apríl 2000

Nr. 288

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, Arnargerði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 14. apríl 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013 frá 16. mars 1995.

Breytingin varðar afmörkun hesthúsasvæða og félagssvæðis hestamanna og breytist landnotkun að hluta úr óbyggðu svæði í opið svæði til sérstakra nota.